

Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2013

Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2013: (tölur frá síðasta ári í sviga)

- Afgreiðslutími: 35 klst á viku allt árið (35)
- Fjöldi lánþega með gild skírteini 31. desember 2013 voru 504 (507), en virkir lánþegar síðst liðin þrjú ár voru að meðaltali 968 á ári.
- Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2013: 19.455 (19.448)
- Fjöldi nýskráðra gagna á árinu var 871
- Fjöldi afskráðra gagna á árinu var 956
- Fjöldi starfsmanna í árslok 2013: 3 (3). Stöðugildi 1,75 (auk 25% stöðugildis vegna Atvinnu með stuðningi (ekki undir safninu lengur) – alls 4 starfsmenn.
- Gestir: um 10.000, (tæplega 500 gestir í menningarviku) (tæp 10.200 (auk 800 gesta í menningarviku 2012)), að meðaltali 192 (195) á viku.
- Millisafnalán voru 11(13)
- Sumarlestur: 30 (23) börn tóku þátt
- Útlán: um 13.500 (13.900)
- Skólasafnið – útlán rúmlega 8.600
- Útlán á íbúa (2850 manns): 4,73 (4,88) (með skólasafni 7,75 bók á íbúa).

Aðsetur Bókasafns Grindavíkur er að Víkurbraut 62, efri hæð.

Netfang: bokasafn@grindavik.is, veffang: www.grindavik.is/bokasafn

Afgreiðslutími: Opið mánudaga – föstudaga, kl. 11-18, allan ársins hring.

Húsnæði: Safnið er í 125 m² húsnæði á jarðhæð auk ca 8-10 m² geymsluparti á 3.hæð.

Tölvukerfi: Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is, auk þess að hafa spjaldtölvu í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

Rekstrartölur: Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013 hljóðar upp á um kr.6.000.000. Tekjur voru áætlaðar kr.660.000. og launakostnaður og launatengd gjöld um kr.10.300.000.

Starfsfólk: Forstöðumaður í 85% stöðu, Margrét R. Gísladóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Guðbjörg Ásgeirsdóttir, bókasafnstæknir og Guðrún Erla Hákonardóttir, bókasafnstæknir (í 45% stöðu hvor) og Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður í 25% stöðu, á vegum Atvinnu með stuðningi, (stöðugildið heyrir ekki undir safnið).

Helstu verkefni ársins:

- Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Menningarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaarfinum
- Sumarlesturinn fyrir yngri lesendurna var á sínum stað
- Átak var gert í grisjun. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

Helstu viðburðir ársins:

- Á Menningardögum Grindavíkur – með sýningu á skrautskóm Sæbjargar Vilmundardóttur á safninu og söng- og vísnakvöldi í Kvikunni, þar sem mættu um 140 manns.
- Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur í september með uppskeruhátíð sumarlestrar.
- Norræna bókasafnavikan í nóvember og Dagur íslenskrar tungu 16.nóv.
- Föndur á bókasafninu – með opnum degi í verslunarmiðstöðinni í byrjun desember.
- Bókakonfekt – upplestur höfunda 11.& 18. desember í samstarfi við KaffiBryggjuna. Börkur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Jón Kalman Stefánsson, Árni Þórarinnsson og Guðni Ágústsson, lásu. Tónlistarfólk skemmti í boði Bryggjunnar– fullt hús var bæði kvöldin.

Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, www.grindavik.is/bokasafn er notaður til að koma upplýsingum á framfæri, auk fréttu af starfinu. Hann er uppfærðar eftir þörfum.

Myndataka og myndvinnsla fylgir vinnunni við vef og Facebook. Nokkrum sinnum í viku er athugað með innlegg á fb og síðunni haldið lifandi með fréttum af heimasíðunni og öllir viðburðir auglýstir. Þrír starfsmenn safnsins sjá um ut anumhald Facebook-síðunnar, en forstöðumaður sér alfarið um heimasíðu.

Barnastarf:

Skipulegar sögustundir eru ekki í boði, en hægt er að biðja um slíka með litlum fyrirvara.

- Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur.
- Sumarlestur er í júní, júlí og fram í ágúst til þess að hvetja yngri nemendur til að lesa.
- Leikskólarnir fá lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni. Lánnum einnig bókakassa í skip.

Kerfisleg þjónusta við lánþega: sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms, áður en til vanskila kemur og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum. Nú síðast bættist svo millisafnalánabátturinn við, þannig að nú getur lánþegi sjálfur sett inn beiðni, á leitir.is, um lán á gagni frá öðru safni, ef það er ekki til hjá okkur. Þannig eykst sífellt sá bókasafnskostur sem bæjarbúum stendur til boða að nýta sér – m.ö.o. við höfum aðgang að flestum bókasöfnum landsins.

Samstarfssöfn og félög:

- Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðum. sækir oftast aðalfund
- Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðum. sækir árleg ráðstefna og aðalfund
- Málræktarfélag Íslands – forstöðum. sækir aðalfund –(varamaður hefur sótt fundi í forföllum)
- Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðum. sækir fund árlega eða oftar
- Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – forstöðum. sækir fundi vor og haust
- Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðum. félagi – landsfundur annað hvert ár og ráðstefna á vegum félagsins hitt árið.

Grindavík, 30.maí 2014,

Margrét R. Gísladóttir, forstm.